

Fjarðabyggð
b/t Valur Sveinsson
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 25. nóvember 2019
UST201911-133/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og tillögu að nýju deiliskipulagi - Heyklif

Vísað er til erindis sviðstjóra umhverfis-og skipulagssviðs Fjarðarbyggðar er barst 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Heyklif á Kambanesi í Fjarðarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu þar sem m.a. er gert ráð fyrir gistiaðstöðu og veitingaþjónusta. Gert er ráð fyrir veitingastað, hóteli, samkomuhúsi og byggingum af nokkrum stærðum svæða til útleigu fyrir ferðamenn. Ekki kemur fram í lýsingu stærð deiliskipulagssvæðisins, en áætlað heildarbyggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu gæti orðið allt að 8900 m².

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að talsvert er um votlendisgróður. Umhverfisstofnun bendir á að votlendi sem er stærra en 2 ha. fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir

öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Forsendur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögnum hvernig tillagan samræmis landskipulagsstefnu og gildandi aðalskipulagi þá sérstaklega m.t.t. til náttúruverndar. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það komi fram hver sé áætlaður fjöldi gesta sem munu heimsækja svæðið.

Ásýnd

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu og rask vegna framkvæmda sé haldið í lágmarki. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagsstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verkmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að mikið líf er í sjónum meðfram nesinu og þar sem sjófuglar eru algengastir, en mó- og vaðfuglar eru ofar í nesinu. Umhverfisstofnun bendir á að fýll (*fulmarus glacialis*), rita (*rissa tridactyla*) og kría (*sterna paradisaea*) eru á valista yfir fugla sem eru í nokkurri hættu og eru ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>) Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi hver áhrif tillögunnar eru á fuglalífið á svæðinu og hvaða leiðir verði farnar til að raska ekki búsvæðum fuglanna.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Valkostagreining

Umhverfisstofnun bendir á að innan svæðisins eru vistgerðir með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að valkostir fyrir staðsetningu á byggingum, vegum, bílastæðum, göngustígum o.s.frv. séu skoðaðir m.t.t. gróðurfars, dýralífs, náttúruminja og ásýndar.


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur